

Tíu leiðir að góðum hugmyndum

5. – 7. bekkur

Ertu í 5. - 7. bekk?
Taktu þátt í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna!



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNeytið

Með því að skoða þig um kynnist þú umhverfinu þínu betur og kannski sérðu eitthvað sem hægt er að bæta. Hér eru nokkrar tillögur:

1. Farðu í búð og skoðaðu spennandi vörur. Veldu nokkrar sem þér líst á og kannaðu hvort þú getir gert þær betri með því að breyta þeim.
2. Farðu í göngutúr um nágrennið. Hvað finnst þér vanta?
3. Taktu strætó eða hjólaðu. Reyndu að sjá möguleika; færð þú einhverjar góðar hugmyndir?
4. Veldu starf sem þú þekkir vel og hugsaðu um hvaða vandamál gætu komið upp ef þú myndir vinna við það. Hvað er hægt að gera til að leysa þau?
5. Líttu í kringum þig heima hjá þér til að skoða hvað gerir heimilið einstakt. Er eitthvað þar að finna sem gæti búið til viðskiptahugmynd?
6. Spólaðu fram í tímann um fimmtíu ár. Eru einhvers konar vörur sem enginn þekkir núna en þú getur kannski fundið upp? Hvað verður þú að gera eftir 50 ár?
7. Ímyndaðu þér mjög venjulega íbúð. Hugsaðu þér að þú bíðir í tvær mínútur í hverju herbergi fyrir sig og reyndu að ímynda þér hvaða vandamál geta komið upp hjá fólki í þessum herbergjum. Dettur þér eitthvað í hug?
8. Lestu fréttir og finndu vandamál sem tengjast til dæmis læknisþjónustu, spítölum og skólum. Getur þú komið með hugmyndir sem gætu leyst eitthvert af þessum vandamálum?
9. Hugsaðu um einhvern sem þú þekkir persónulega. Ímyndaðu þér venjulegan dag í lífi þessa einstaklings. Skrifaðu niður öll vandamál og áskoranir sem manneskjan stendur frammi fyrir. Getur þú leyst einhver þeirra?
10. Átt þú eða einhver sem þú þekkir eitthvað sem þið notið ekki lengur en gæti komið þér að gagni? Getur þú breytt því þannig að það verði að viðskiptahugmynd?